

150

22/8 '56

18. gr.

- Auk þess, sem áður er fram tekið, skulu verkefni byggingarfulltrúa vera þessi:
1. Fara um sýsluna og leiðbeina sýslubúum um hvers konar byggingar, og láta þeim í té eða útvega teikningar af þeim, ef óskað er. Ferðum þessum sé hagað þannig, að hann komi á hvert byggt ból í sýslunni, ekki sjaldnar en fimmta hvert ár.
 2. Vera trúnaðar- og eftirlitsmaður Búnaðarbanka Íslands og nýbýlastjórnar með þeim byggingum, sem byggðar eru fyrir lán eða fjárstyrk frá þessum stofnunum. Hann aðstoði enn fremur, ef þess er óskað við athuganir og tilraunir með byggingarefni o. fl. í því sambandi. Starfssvið byggingarfulltrúa skal nánar tekið fram í erindisbréfi.

19. gr.

Nú setur sýslunefnd reglugerð samkv. ákvæðum 11. gr. laga nr. 108 frá 31. des. 1945 um húsabyggingar í sýslunni er tekur til ákvæða um styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, yfirklaðningu og raflagnir, eru þær bindandi fyrir alla, er hér eiga hlut að máli.

20. gr.

Með mál um brot á samþykkt þessari skal farið sem opinber lögreglumál, og skal byggingarfulltrúi kæra þau tafarlaust fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Barðastrandarsýslu hefur samíð og samþykkt til þess að gilda fyrir Austur-Barðastrandarsýslu og sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, og laga nr. 26 1. apríl 1948 um breyting á þeim, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. ágúst 1956.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

151

24. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um fjallskil o. fl., nr. 100 17. júlí 1956.

Í stað orðsins Haukabrekkurétt í 28. gr. reglugerðarinnar komi: Brimilsvalla-
rétt.

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er af sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 24. október 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.